

4. gr.

18. gr. orðist svo:

Fjárhæð landsútsvara skal vera sem hér segir:

- a) 5% af hagnaði ríkisfyrirtækja, samkv. 17. gr. a.
- b) 2% af heildarsölu stofnana þeirra, sem um getur í 17. gr. b.
- c) Stofnanir þær, sem um ræðir í 17. gr. c, greiða landsútsvör, sem ákveðin eru með sama hætti og tekjuútsvör félaga, sbr. 32. gr. 2. tölulið, án frávíks frá útsvarsstiga, samkv. 34. gr.
- d) $1\frac{1}{3}\%$ af heildarsölu oliufélaga, sbr. 17. gr. d.

5. gr.

20. gr. 2. mgr. orðist svo:

Fjórðungur landsútsvara, sem til falla í hverju sveitarfélagi, skal koma í hlut þess, en $\frac{3}{4}$ hlutum skal ásamt hluta þeim af söluskatti og verðtolti, sem Jöfnunar-sjóði ber, samkvæmt lögum nr. 67/1964, skipta á milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags hinn 1. des. árið á undan, þó þannig, að ekkert sveitarfélag fái herra framlag en nemi 60% af samanlögðum fasteignasköttum, aðstöðugjöldum og útsvörum gjaldársins, sbr. þó 15. gr. d.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fer um álagningu landsútsvara árið 1966 samkv. þeim.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 1966.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um eignarnám lands í Flatey á Breiðafirði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hreppsnefnd Flateyjarhrepps á Breiðafirði er heimilt að taka eignarnámi þá $\frac{4}{5}$ hluta lands eyjarinnar, sem eru í einkaeign.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum l. nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 7. maí 1966.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.